

## Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

### 79. fundur haldinn á bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12, 20. október 2016 kl. 16:30

**Mætt:** Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Þórhallur Þorsteinsson, Agnes Brá Birgisdóttir, Þórveig Jóhannsdóttir. Jafnframt var Einar Kr. Haraldsson á fundinum í gegnum síma. Steingrímur Karlsson og Jóhann Þórhallsson boðuðu forföll.

#### Dagskrá

1. Dagskrá fundarins og samþykki fundargerða
2. Breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarð frá 8. september 2016
3. Verndaráætlun fyrir Kringilsárrana
4. Samningar við rekstaraðila
5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar
6. önnur mál.

*Ruth setti fundinn kl. 16:30. Gengið var til dagskrár.*

#### 1. Dagskrá og samþykki fundargerða

Formaður óskaði eftir athugasemdum við dagskrána. Enginn hafði athugasemdir við hana.

#### 2. Breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarð frá 8. September 2016.

Lagðar voru fram helstu breytingar á lögum Vatnajökulspjóðgarðs og þær ræddar.

#### 3. Verndaráætlun fyrir Kringilsárrana

Ruth sýndi myndir frá vettfangsferð í Kringilsárrana sem hún, Þórveig (starfsmaður VJP), Linda (starfsmaður UST) og starfsmenn Landsvirkjunar fóru í. Svæðisráð austursvæðis vill koma á framfæri áhyggjum sínum af vindrofi í kjölfars landbrots á bökkum Háslóns og að grunnvatnsstaða í Kringilsárrana gæti lækkað við það. Svæðið gæti þar af leiðandi orðið þurrara, sem aftur veldur því að svæðið verði viðkvæmara fyrir vindrofi. Þarna gæti hugsanlega orðið kveðjuverkun.

Svæðisráð austursvæðis telur það vera mikilvægt að vita hversu mikið af landbrotinu sem nú þegar hefur orðið, hafi gengið inn fyrir núverandi friðlandsmörk. Svæðisráð leggur til að kallað verði eftir slíkum gögnum frá rannsóknaraðilum í Kringilsárrana. Einnig telur svæðisráð að eðlilegt sé að Kringilsárrani verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði.

#### 4. Samningar við rekstaraðila

Lagðir voru fram punktar frá svæðisráði suðursvæðis um samninga við rekstaraðila innan og í jaðri þjóðgarðs og þeir ræddir.

Svæðisráð austursvæðis telur mikilvægt að þjóðgarðurinn móti einnig stefnu um húsnaðismál og hvaða kröfur á að gera á rekstaraðila, t.d. starfsstöðvar, mannaða skála og mannlaua skála innan þjóðgarðsins. Koma þarf fram hver á að vera staðalbúnaður slíkra mannvirkja.

## 5. Skýrsla Þjóðgarðsvarðar

Þjóðgarðsvörður fór yfir framkvæmdir sumarsins og starfsemi á nýrri upplýsingamiðstöð í Möðrudal. Þjóðgarðsvörður lýsti yfir áhyggjum á hve samþykkt á nýrri Stjórnunar -og verndaráætlun hefur dregist. Kynntur var vinnufundur um fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs em haldin verður 27.október næstkomandi. Einnig var svæðisráð hvatt til dáða til að vinna að því að starfsmönnum þjóðgarðsins verði fjölgað.

## 6. Önnur mál

- a. Þórhallur sýndi myndir af framkvæmdum við Kverkjökul, göngubrú yfir Volgu.
- b. Þórhallur sýndi myndir af utanvega akstri á Eyjakofaslóð/Bergkvíslarslóð. Svæðisráð sammála um að þá slóð þarf að laga. Ef ekki næst fjármagn í að laga slóðina þá verður að loka hluta af slóðinni fyrir allri umferð.
- c. Þórhallur sýndi myndir af gróðurhnignun í Hvannalindum. Það er ljóst að gróðri í Hvannalindum fer hnignandi. Þórhallur bendir á að það sé mjög mikilvægt að gera við bakka Lindárinnar til þess að sporna við að áinn flæði yfir gróin svæði í leysingum. Þegar vatnið fer á vorin verður fínt set eftir ofan á gróðrinum og kæfir hann.

Svæðisráð óskar eftir því að Landgræðslan fari í vettfangsferð í Hvannalindir til að skoða aðstæður og meta ástand gróðurs. Þjóðgarðsvörður hefur samband við Landgræðsluna.

- d. Agnes minnti á vinnufund um fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs næstkomandi fimmtudag (27. okt.)
- e. Stefnt á að halda næsta svæðisráðsfund 24. nóvember næstkomandi.

Fundi slitið 19:00  
Ritari: Þórveig Jóhannsdóttir